

Ásgeir Bjarnason setur Búnaðarþing: Vandamál landbúnaðarins tímabundin. Ljósm. — gel.

## *Þegar á bjátar:*

# Gott að minnast eldhuganna

### *Úr ræðu Ásgeirs Bjarnasonar við setningu Búnaðarþings*

**Búnaðarþing var sett í Bændahöllinni kl. 10 í gærmorgun af formanni Búnaðarfélags Íslands, Ásgeiri Bjarnasyni í Ásgarði. Er það hið 62. í röðinni.**

Ásgeir hóf setningarræðu sína með því að minna á, að síðasta ár hefði verið hið kaldasta hérlendis á þessari öld. Fyrrum hefði slíkt árferði skilið eftir sig veruleg og varanleg spor: felli fólks og fénaðar og landflótta. Margir spyrntu þó á móti broddunum og svöruðu m.a. með því, að hvetja til þess að taka upp búnaðarfræðslu, framfarir væru haldbesta vörnin og þekkingin undirstaða þeirra. Jón Sigurðsson ritaði grein um búnaðar- og gagnfræðaskóla 1849 og í framhaldi af því gekkst Jón Espólín sýslumaður fyrir búnaðarkennslu á Frostastöðum í Skagafirði 1852-53. Síðan hófst búnaðarnám í Flatey og 1880 var fyrsti búnaðarskólinn, sem átti sér einhvern aldur, stofnaður í Ólafsdal af Torfa Bjarnasyni. Starfaði hann til 1907 en á því árabili bættust við Bændaskólarnir á Hólum og Hvanneyri. Samfelld búnaðarfræðsla á því aldarafmæli á þessu ári.

Vegna hins erfiða árferðis fór afkoma banda versnandi á s.l. ári. Lánbeiðnir úr Bjargráðasjóði námu 1.750 miljónum. Til þess að fullnægja þeim skorti sjóðinn 1,1 miljarð kr. Tekjur Bjargráðasjóðs í ár verða um 545,4 milj. Ríkisvaldið hefur haldið að sér höndum um framlög til sjóðsins og því er vá fyrir dyrum nema bráðlega verði bætt úr.

Á s.l. ári veitti Stofnlánadeild landbúnaðarins 947 lán að upphæð kr. 2.970 milj. Minni eftirspurn er eftir lánum nú. Hagur Stofnlánadeildarinnar vænkaðist á árinu.

Þá vék Ásgeir Bjarnason að umfjöllun Búnaðarþings um Framleiðsluráðslögin, nauðsyn á jöfnun raforkuverðs o.fl.

Ásgeir Bjarnason kvað það skoðun sína, að þau vandamál, sem að landbúnaðinum steðjuðu, væru tímabundin. Þau þyrfti engu síður að leysa, en sú lausn yrði að gerast í áföngum, engin „leiftursókn" ætti þar við. Þegar á bjátaði væri gott að minnast þeirra eldhuga, sem ruddu búnaðarfræðslunni braut á þeim dögum þegar lakar sá þó til lofts en nú.

Að lokum þakkaði Ásgeir Bjarnason forseta Íslands Kristjáni Eldjárn fyrir þann hlýhug, sem hann hefði jafnan sýnt bændastéttinni, bauð þingfulltrúa velkomna og sagði þingið sett.

— mhg

# 22.310 á Kvikmyndahátíð

**Kvikmyndahátíð lauk formlega í fyrrakvöld, en í gær og í dag eru sýndar tvær myndir, sem komu ekki til landsins fyrren undir lok hátíðarinnar. Aðsókn var mjög góð, og komu alls 22.310 manns á sýningarnar í Regnboganum, að sögn Örnólfs Árnasonar, framkvæmdastjóra hátíðarinnar, og eru þá ekki taldir með áhorfendur í gær og í dag.**



Oft var þröng á þingi við miðasölu Regnbogans meðan á Kvikmyndahátíð stóð. Ljósm. — eik

Þessi aðstókn er enn betri en á síðustu Kvikmyndahátíð, en þá voru áhorfendur tæplega 21.000. Vinsælustu myndirnar nú voru, að sögn Örnólfs: Sjáðu sæta naflann minn, Hrafninn, Woyzeck, Krakkarnir í Copacabana, Marmaramaðurinn og Með bundið fyrir augun.

Nokkuð hefur verið spurt um það, hvort ekki væri hægt að sýna myndirnar lengur, og einnig hvort ekki væri hægt að sýna þær úti á landi. Þessu svaraði Örnólfur á þá lund, að um kvikmyndahátíðir giltu sérstakar reglur, sem ekki væri hægt að sniðganga. Myndirnar eru ekki fengnar frá dreifingaraðilum, heldur hafa framleiðendur sérstök eintök, sem send eru á hátíðir.

— Það eru haldnar um 400 kvikmyndahátíðir árlega útum allan heim, og þær bítast um þessi eintök, — sagði Örnólfur. — Kvikmyndahúsin geta auðvitað fengið þessar myndir til sýnigar, en það verður að ganga í gegnum dreifingaraðila. Við fáum þessar myndir vegna þess að Kvikmyndahátíð er opinber aðili, sem ríki og borg standa að.


Að lokum sagði Örnólfur, að þessi Kvikmyndahátíð væri fullkomin sönnun á því, að hér á landi væri áhugi á kvikmyndum, sem næði langt út fyrir það sem bíóin hafa upp á að bjóða. — Það verður unnið að því á næstunni að gera Kvikmyndahátíð að árlegum viðburði í menningarlífi Reykjavíkur, — sagði hann.

Myndirnar sem sýndar verða í dag eru Skákmennirnir, eftir indverska snillinginn Satyajit Ray, og Vegir útlagans, sem segir frá síðustu æviárum heimspekingsins Jean-Jacques Rousseau, og er eftir frægan svissneskan leikstjóra, Claude Coretta.

— ih



# Olgeir Friðfinnsson áttræður í dag



**Áttræður er í dag Olgeir Friðfinnsson verkamaður í Borgarnesi, en hann hefur um áratugaskeið verið fórnfús baráttumaður sósíalisma og verkalýðshreyfingar.**

Olgeir var um langt skeið stjórnarmaður í Verkalýðsfélagi Borgarness og ekki var haldinn svo fundur í félaginu að Olgeir kæmi þar ekki við sögu.

Þá var Olgeir um áratugaskeið umboðsmaður Þjóðviljans í Borgarnesi og rækti það starf af mikilli trúmennsku og ósérhlífni. Þjóðviljinn sendir Olgeiri heillaóskir á þessum tímamótum og óskar honum alls hins besta í framtíðinni.

Þess skal getið að Olgeir Friðfinnsson verður að heiman í dag.

# Leiðrétting

Í Fiskimálum Jóhanns J.E. Kúld í Þjóðviljanum í gær féllu burt þrjú orð sem breyta merkingu. Þetta er efst í fjórða dálki. Þar stóð: en ekki við að Norðmenn.... en átti að vera: Hinsvegar kannast ég ekki við að Norðmenn...

Þetta leiðréttist hér með.

# Dýrara inn á barinn

Ríkisstjórnin hefur staðfest samþykkt verðlagsráðs um hækkun aðgöngumiða á vínveitingastöðum. Hækkunin nemur 14,3% og kostar nú 800 krónur inn í stað 700 áður.

## *Verðhækkun á steypu*

9% hækkun á steypu sem verðlagsráð samþykkti fyrir nokkru hefur nú verið staðfest af ríkisstjórn og þegar tekið gildi.

## Bandalag kvenna í Reykjavík:

# Sýning á listiðn íslenskra kvenna

### opnuð á Kjarvalsstöðum á morgun

**Á morgun, laugardag, verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á listiðn íslenskra kvenna og verður hún opin daglega frá kl. 14.00 til 22.00 dagana 16. til 24. febrúar.**

Bandalag kvenna í Reykjavík gengst fyrir þessari sýningu. Lang mest af því sem sýnt verður er eftir nútíma listakonur, en þó eru nokkur verk eftir konur sem nú eru látnar.

Sýningin er nokkuð fjölbreytt og má þar m.a. líta vefnað margs konar, handíðir með listrænt gildi, ullar- og tóvinnu sem unnin er á frumlegan hátt. Þar munu vekja eftirtekt handprjónaðir kjólar, þar á meðal skírnarkjólar, ofnir kjólar og batikkjólar, sem sannarlega eru gerðir af meistarahöndum, og verða öðru hvoru tískusýningar, þar sem sýndar verða þessar flíkur.

Leirkerasmíði og keramik, unnin af viðurkenndum listakonum, og einnig þeim sem enn eru að þreifa sig áfram í þeirri listgrein.

Gull- og silfursmíði er hér einnig í hávegum höfð og eru þar verk eftir eldri og yngri listakonur.



Keramik og handprjónuð kápa eru meðal sýningarmuna á listiðnaðarsýningu kvenna að Kjarvalsstöðum sem opnuðverður á morgun.

(Ljósm: — gel.)